

Hrönn Jónsdóttir

From: Ásta Stefánsdóttir <asta@blaskogabyggd.is>
Sent: miðvikudagur, 1. júní 2022 15:47
To: Jón Valgeirsson; Sýlvía Karen Heimisdóttir; Ása Valdís Árnadóttir; Eydís Þ. Indriðadóttir
Subject: 2010006 - Dagdvalarþjónutsa í Uppsveitum

Sæl verið þið

Á fundi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar í dag, 1. júní var eftirfarandi bókað:

Dagdvalarþjónusta í Uppsveitum - 2010006

Tillaga um að unnin verði greining á þörf fyrir dagdvalarþjónustu fyrir eldri borgara

Sveitarfélögin Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur og Hrunamannahreppur hafa skilað inn umsókn til heilbrigðisráðuneytisins um hjúkrunarheimili í Uppsveitum Árnessýslu. Í síðasta mánuði áttu fulltrúar sveitarfélaganna fund með starfsmönnum ráðuneytisins til að fylgja umsókninni eftir. Á þeim fundi kom fram að um langtíma verkefni væri að ræða, sem þyrfti að koma inn á fjármála- og framkvæmdaáætlun hjá ríkinu. Umsókninni var vel tekið og því sýndur skilningur að þörf væri fyrir úrræði á þessu svæði. Starfsmenn ráðuneytisins ræddu m.a. um það hvort þörf væri á dagþjónustu fyrir eldri borgara á svæðinu. Á fundi sem fulltrúar sveitarfélaganna í Uppsveitum og Flóa áttu með fulltrúum HSU og félagsþjónustunnar í Laugarási fyrr í mánuðinum kom fram það mat starfsmanna sem koma að heimahjúkrun og heimaþjónustu að þörf væri fyrir slíkt úrræði. Sveitarstjórn Bláskógabyggðar hefur áhuga á að kanna nánar þörf fyrir dagþjónustu á svæðinu og óskar eftir afstöðu þeirra sveitarfélaga sem eiga aðild að félagsþjónustunni í Laugarási til þess hvort þau vilji taka þátt í slíkri könnun. Ef af yrði myndu starfsmenn HSU í Laugarási og starfsmenn félagsþjónustunnar greina þörfina og skila álitni til sveitarfélaganna. Á því mætti byggja umsókn til heilbrigðisráðuneytisins um dagdvalarrými fyrir svæðið og greina hvaða staðsetning og húsnæði myndi henta. Ráðuneytið greiðir daggjöld með þeim rýmum sem samþykki fæst fyrir, en ætla má að húsnæðiskostnaður og akstursþjónusta yrði á kostnað sveitarfélaganna.

Þess er óskað að sveitarfélögin sem eiga aðild að félagsþjónustunni í Laugarási taki afstöðu til þess hvort þau óski eftir að taka þátt í þarfagreiningunni. Rétt er að taka fram að mögulegt væri að vinna slíka greiningu fyrir sveitarfélög sem áhuga hafa, þó svo að þau verði ekki öll með.

Kveðja,

Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri

Bláskógabyggð,

Aratungu, 806 Selfoss

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 5. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að tölvupósturinn hafi ranglega borist þér.